# 303. Frumvarp

til laga um breyting á 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

Frá peningamálanefndinni.

Landssjóður leggur fram helming af tryggingarfé því, sem landsbankanum er gert að leggja fram í 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans, til að gefa út 3. flokk bankavaxtabréfa, í ríkisskuldabréfum og bankavaxtabréfum fyrsta og annars flokks, eftir því hlutfalli, er greinin tiltekur. Vextir af þeim hluta tryggingarfjárins, er landssjóður leggur fram, renna í landssjóð.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.